

Ed.

266. Frumvarp til laga

[134. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Almennar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram fjórða hvert ár, síðasta sunnudag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnudag.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Kjörskrár til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í hreppum í marzmánuði á því ári, sem kosning fer fram. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjörskrárnar gilda frá 17. maí það ár, sem þær eru samdar, til 16. maí næsta árs á eftir.

Þegar kosningar fara fram samkvæmt 5. gr., ákveður ráðherra, hvenær kjörskrár skuli samdar, ef kjörskrár, samdar samkvæmt 1. mgr., eru úr gildi fallnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1958.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 81 23. júní 1936, fara bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í kaптúnahreppum fram síðasta sunnudag í janúarmánuði, en í öðrum hreppum síðasta sunnudag í júnímánuði. Á þessu eru ýmsir annmarkar. Veðráttu er þannig háttað hér á landi, að í janúarmánuði má jafnan vænta þess, að veður og færð hamli kjörsókn eða kosningar farist fyrir á kjördegi af þeim sökum, svo sem átt hefur sér stað. Í annan stað er kosið í janúarmánuði eftir 11 mánaða gamalli kjörskrá. Enn má benda á það, sem ekki er veigaminnst, að ávallt eru einhverjir, sem annars fullnægja kosningarréttarskilyrðum, sem eiga hvergi rétt á að vera á kjörskrá, en aðrir hins vegar á tveim stöðum, þar sem kosningar í janúar og júní fara ekki eftir kjörskrá, sem samdar eru samtímis. Sá, sem fluttist úr sveitahreppi í kaupstað eða kaптúnahrepp á tímabilinu marz 1957 til 1. janúar s. l., átti ekki rétt á, samkvæmt gildandi lögum, að vera á kjörskrá, sem kosið var eftir í janúar s. l. Hann á heldur ekki rétt á að vera á kjörskrá, sem kosið verður eftir í hreppi þeim, sem hann fluttist frá. Hins vegar verður sá á kjörskrá á tveim stöðum, sem flyzt úr kaupstað eða kaптúnahreppi í sveitahrepp 1. marz 1957 til febr. 1958. Þetta leiðir af því, að í kaupstöðum og kaптúnahreppum var kosið eftir kjörskrá, sem samdar voru í febrúar 1957, en í sveitahreppum verður í vor kosið eftir kjörskrá, sem samdar eru í febrúarmánuði 1958, og þá eina skal á kjörskrá taka, sem auk almennra kosningarréttarskilyrða eru búsettir í þeirri kjördeild, er kjörskrá er samin.

Sá háttar er nú hafður, að Hagstofa Íslands semur kjörskrár miðað við mann- tal 1. des., en bæjarstjórnir og hreppsnefndir endurskoða þær og lagfæra þannig, að þær miðist við búsetu í febrúar. Hins vegar telur hagstofustjóri ekki unnt að lúka þætti hagstofunnar í samningu kjörskrána fyrir en um eða eftir febrúarlok. Er því lagt til, að þær skuli samdar í marzmánuði.

Engin þörf er á því að semja kjörskrár á hverju ári, svo sem lögákveðið er. Slíkt mun heldur ekki gert yfirleitt.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að kosningar til bæjarstjórna og hreppsnefnda fara fram samtímis um allt land og kosið verði eftir kjörskrá, sem samdar eru samtímis. Verður þá komið hjá þeim annmörkum, sem að framan greinir. Ætla má, að síðari hluti maímánaðar sé heppilegur tími, bæði vegna veðráttu og almennra atvinnuhátta.